

Stjórnarfundur í félagi sumarhúsaeigenda í Hvammi haldinn á Amokka, Borgartúni, þriðjudaginn 27.1.2010 kl. 17:15

Mættir: Birgir Benediktsson, Bárður Sigurgeirsson, Alexander Edvardsson, Andri Árnason, Björn Magnússon, Guðjón Jenson

Því miður hrundi tölva ritara skömmu eftir fundinn og glataðist fundargerðin. Þessi fundargerð er skrifuð eftir minni nokkrum vikum eftir fundinn. Það kunna því að leynast villur í fundargerðinni.

1. Færa til ruslagám, ný staðsetning?

Núverandi staðsetning er góð og er skv aðalskipulagi. Hins vegar er mikill raki í jörðinni í kringum gáminn. Þetta veldur því að svellbunkar myndast á veginum og í kringum gáminn í kulda, þannig að lífshættulegt getur verið að henda rusli. Má vel sjá á meðfylgjandi mynd. Þegar hitinn er fyrir ofan frostmark sökkva menn og bílar í drulluna og þegar verst lætur er nauðsynlegt að vera í góðum stígvélum. Til að lagfæra þetta þarf að byggja ræsi undir veginn og ræsa fram rakann. Slíkar framkvæmdir eru á könnu landeiganda. Ákveðið að óska eftir fundi með fulltrúm Arion banka og óska eftir að þessu sé kippt í liðinn.



2. Staðan í vatnsveitumálum.

Ekki mikið að gerast í þessu málum. Vandamál hafa verið með vatnsþrýsting í einhverjum húsum ofan Þjóðveggar á vatnsendasvæðinu. Málið í biðstöðu þar til þau vandamál hafa verið leyst.

3. Reikningur frá verkfræðistofunni v/vatnsveitu

Er vegna hönnun á vatnsveitu. Greiðsla samþykkt.

4. Senda inn breytingu á stjórn og heimilisfangi til Fyrirtækjaskrár.

Samþykkt.

5. Staða á innheimtu.

Eitthvað er um óinnheimt árgjöld. Skv. lögum um frístundabyggð er skylduaðild að sumarhúsafélögum og heimild að krefja félagsmenn um greiðslur. Ógreiddir reikningar verða sendir í innheimtu. Ritari hefur samið bréf til félagsmanna sem var samþykkt á fundinum. Þar kemur fram að ógreidd árgjöld verða send í innheimtu.

6. Arion banki búinn að taka yfir Eignarhaldsfélagið Hvammskógar ehf.

Samþykkt að óska eftir fundi með Arion banka.

7. Önnur mál.

Fleira ekki rætt

Bárður Sigurgeirsson